

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 750/2008 (REACH).

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar og notkun. Upplýsingar um seljanda, gerð öryggisblaða, útgáfudag og neyðarsímanúmer.

Söluheiti vöru: **ACETONE**

Vörunúmer: -

Notkun: Í iðnaði (hreinsiefni, leysiefni, í snyrtivörur ofl.).

Fyrirtæki: SKELJUNGUR hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, sími 444 3000

<http://skeljungur.is>

Tengiliður: oj@skeljungur.is

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, <http://efnavernd.is>

Útgáfudagsetning: 26.09.2011

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturfnameiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

Fólk: Mjög eldfimt. Ertir augu. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Umhverfi: -



3. Samsetning / upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Magn %:	Hættuflokkun:
67-64-1	200-662-2	Aseton	> 99	F, Xi H11-36-66-67

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

4. Skyndihjálp.

Almennt: Leitið alltaf lækni í vafatilfellum og ef óþægindi eru viðvarandi. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi fæðu eða vökva.

Áhrif, eitrunareinkenni: Sjá lið 11.

Við innöndun: Tryggið hreint loft og hvíld. Veitið öndunarhjálp ef öndun hefur stöðvast. Leitið lækni.

Snerting við húð: Farið strax úr fötum sem hafa mengast af efninu og skolið húðina vel með miklu vatni (notið sturtu ef þarf). Leitið lækni ef erting eða önnur einkenni koma fram.

Snerting við augu: Skolið strax vel með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Fjarlægið snertilinsur ef við á. Notið ekki hlutleysandi efni. Leitið lækni.

Við inntöku: Framkallið EKKI uppköst. Skolið munninn með vatni. Leitið lækni eða flytjið slasaða á sjúkrahús.

Uppl. f. heilbrigðisstarfsfólk: -

5. Viðbrögð við eldsvoða.

Slökkviefni/búnaður: Heppileg slökkviefni eru duft, vatnsúði, kolsýra eða alkohólþolin froða. Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða. Hindrið að vatn og önnur efni sem notuð eru við slökkvistörf berist út í umhverfið.

Notið ekki (efni, búnað): Notið ekki vatnsbunu þar sem hætta er á að það auki útbreiðslu eldsins.

Hlífðarbúnaður: Notið fersklöftstæki við slökkvistörf nálægt brunanum.

Sérstök hætta: Við bruna losnar COx og reykur.

6. Efnaleki.

Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Loftræstið vandlega svæðið þar sem lekinn varð. Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við augu, húð og fatnað. Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf.

Stöðvið lekann ef hægt er að gera það á öruggan hátt. Hindrið að efnið berist í niðurföll, vötn eða jarðveg þar sem það getur spillt vatni.

Notið óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar (sjá lið 13). Skolið mengað svæði vel með miklu vatni.

Ef efnið berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við augu, húð og fatnað. Notið persónuhlífar skv. lið 8.

Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafráfnagni. Gufa efnisins getur myndað eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti. Notið ekki þrýsting til að hræra efnið eða tæma ílát. Notið aðeins neistavarin tæki og áhöld.

Geymsla: Geymist í upprunalegum umbúðum vel lokuðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað. Geymsla þarf að vera eldtraust. Haldið efninu frá oxunarmiðlum, sterkum sýru, sterkum bösum. Æskilegt umbúðaeefni er ál, galvanhúðað kolefnisstál, ryðfrítt stál. Sum plastefni má ekki nota.

Sérstök notkun: -

8. Takmörkun váhrifa / persónuhlífar.

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Aseton: (MG) 250 ppm 600 mg/m³

Tæknilegar aðgerðir: Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi.

Persónuhlífar:

Öndunartæki: Notið öndunargrímu með síu AX.

Fyrir augu: Vel lokuð hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

Fyrir hendur: Hlífðarhandskar úr t.d. bútýlgúmmíi.

Fyrir húð: Viðeigandi hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna.

Umhverfið: -

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Ástand / útlit / lykt: Vökvi / litlaus / einkennandi

Sýrustig (pH): 7

<i>Suðumark:</i>	56°C (við 1013 hPa)
<i>Bræðslumark:</i>	-95°C
<i>Blossamark:</i>	-20°C
<i>Hætta á sjálfikveikju:</i>	464°C
<i>Sprengimörk; neðri - efri:</i>	2,1 - 13% rúmmáls (60 - 310 g/m ³)
<i>Gufubrýstingur:</i>	247 hPa við 20°C 828 hPa við 50°C
<i>Gufubéttni:</i>	1,2 - 2,0 (andrúmsloft = 1)
<i>Uppgufunarhraði:</i>	2 (eter = 1) 10 (bútýlasetat = 1)
<i>Rokgjörn lifræn efni (VOC):</i>	> 99
<i>Seigja:</i>	0,00033 Pa.s
<i>Eðlisþyngd:</i>	0,79 (vatn = 1)
<i>Mólpungi:</i>	-
<i>Leysni:</i>	Leysist fullkomlega í vatni. Leysist í alkohóli, klóróformi, eter, flestum olíum, etc.
<i>Deilistuðull, n-oktanól/vatn:</i>	Log P = -0,27 - 0,58 við 20°C
<i>Leiðni:</i>	4,9*10 ⁵ pS/m
<i>Yfirborðsspenna:</i>	23320 N/m
<i>Markhitastig:</i>	235°C
<i>Markþrýstingur:</i>	47003 hPa

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

<i>Stöðugleiki:</i>	Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður.
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	Hár hiti.
<i>Efni sem skal varast:</i>	Oxunarmiðlar, sterkar sýrur, sterkir basar.
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	Við bruna losnar CO _x og reykur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

<i>Almennt:</i>	Áfengi eykur skaðleg áhrif efnisins.
<i>Áhrif við innöndun:</i>	Getur valdið ertingu. Mikið magn getur valdið miðtaugakerfisbælingu og meðvitundarleysi (smávægileg vímuáhrif). Einkenni geta verið hósti, svimi, slen, höfuðverkur, særindi í hálsi.
<i>Í snertingu við húð:</i>	Endurtekin eða viðvarandi snerting getur valdið ertingu og þurrkar húðina. Einkenni geta verið roði og verkir.
<i>Í snertingu við augu:</i>	Ertandi. Einkenni geta verið roði og verkir.
<i>Við inntöku:</i>	Ógleði, uppköst. Annars svipuð áhrif og við innöndun.
<i>Bráð eiturrif:</i>	LC50 (innöndun, rottur): 39 mg/l/4 klst. LD50 (húð, rottur): > 5000 mg/kg LD50 (inntaka, rottur): > 5000 mg/kg
<i>Áhrif á miðtaugakerfi:</i>	Mikið magn getur valdið miðtaugakerfisbælingu og meðvitundarleysi.
<i>Langtímaáhrif:</i>	-

12. Vistfræðilegar upplýsingar.

<i>Dreifing/afdrif:</i>	Efnið leysist fullkomlega í vatni og gufar hratt upp. Lífniðurbrot gengur greiðlega og efnið safnast ekki upp í lífríkinu. ThOD: 2,2 g O ₂ /g efni COD: 1,92 BOD: 1,43
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	LC50 (fiskur): > 5000 mg/l/96 klst. EC50 (liðdýr, Daphnia magna): 39 mg/l/48 klst.

Önnur skaðleg áhrif: -
 Annað: -

13. Förgun.

Förgun vörunnar: Endurvinnið ef hægt er. Skemmt efni, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.

Úrgangsflokkun: Endanotandi ákvarðar flokkun.

Förgun umbúða: Menguðum umbúðum skal farga á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennt sorp, ef annað kemur ekki fram í reglum.

Reglur um meðferð og flokkun úrgangs: Reglugerð 184/2002, reglug. 738/2003.

14. Flutningur.

Flutningur á landi:

ADR flokkur:	3	Flokkunarkóði:	
SÞ-númer:	1090	Pökkunarflokkur:	II
Hættunúmer:	33	Magntakmörkun:	
Varúðarmerki:	3	Gangakóði:	
Nafn efnis:	UN 1090 Acetone, 3, II		

Flutningur á sjó:

IMDG flokkur:	3	Pökkunarflokkur:	II
SÞ númer:	1090	EmS:	F-E, S-D
Varúðarmerki:	3	Sjávarmengandi:	Nei
Nafn efnis:	UN 1090 Acetone, 3, II, (-20°C)		


Flutningur í lofti:

IATA flokkur:		Pökkunarflokkur:	
SÞ númer:			
Varúðarmerki:			
Nafn efnis:			

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Umbúðamerkingar og upplýsingar um reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð nr. 750/2008 (REACH) með síðari breytingum:



Varnaðarmerki: F, Xi

Inniheldur: Aseton *EB-nr.:* 200-662-2

H - setningar: H11 Mjög eldfimt.
 H36 Ertir augu.
 H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
 H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

V - setningar: V16 Haldið frá hita- og neistagiðfum - Reykingar bannaðar.
 V23 Varist innöndun á gasi/gufu/úða.
 V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita lækni.
 V33 Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.
 V9 Geymist á vel loftræstum stað.

(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Aðeins ætlað til notkunar í iðnaði og fyrir fagfólk.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann: 26.09.2011

Dagsetning frumrits: 15.12.2005

Útgáfa: 1,0 *Breyttir liðir:* -

Gert fyrir: SKELJUNGUR hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík, sími 444 3000
<http://skeljungur.is>

Unnið af: EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, <http://efnavernd.is> / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H11 Mjög eldfimt.

H36 Ertir augu.

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá BRENNTAG Nederland B.V., NL-3316 BM Dordrecht, The Netherlands.